



Dagsetning: 3. nóvember 2023
Málsnúmer: 2309160/2.4

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ Breytingar á gjaldskrá leikskólanna

Skilgreining á visturnartíma: Ákveðið var að skilgreina betur þann tímaramma sem nær yfir 8 tíma vistun og breyta orðalagi varðandi vistun fyrir kl 08:00 og eftir kl 16:00, þ. e. nota “viðbótar-vistun” en ekki “vistun umfram...”. Var þetta gert til að ná betur utan um þann tíma sem er hvað dýrastur varðandi starfsmannahald í leikskólum. Viðbótar vistun er nú skilgreind í gjaldskrá út frá 15 mínútum (2.038kr) en ekki miðað við klukkutíma eins og áður.

Afsláttur af dvalar- og fæðisgjaldi: Ákveðið var að afsláttur af leikskólagjöldum skyldi ekki ná til vistunartímans fyrir kl 08:00 og eftir kl 16:00. Einnig verður áfram ekki veittur afsláttur af fæðisgjaldi en hádegismatur er án endurgjalds.

Skráningardagar: Ákveðið var að láta foreldra skrá börn sín sérstaklega í vistun á tímabilum sem grunnskólarnir eru lokaðir en þessar dagsetningar verða skilgreindar á hverju ári. Öllu jafna eru þetta fjögur tímabil: Vetrarfrí grunnskóla að vori, dagarnir í dymbilviku, vetrarfrí grunnskóla að hausti og dagarnir á milli jóla og nýárs. Er þetta gert til að leikskólastjórar geta frekar áætlað starfsmannahald yfir t.d. jól og páska og geta þá komið á móts við starfsmenn varðandi vinnustytting eða frí.

Tekjutenging: Ákveðið var að tekjutengja leikskólagjöldin og fer 30% afslátturinn, sem áður náði til einstæðra foreldra og námsmanna, nú af leikskólagjöldum hjá foreldrum/forráðamönnum sem eru undir 850.000 kr. tekjuviðmiðinu á mánuði (10,2 millj. á ári) fyrir hvert heimili. Þegar foreldrar sækja um leikskólaláss þurfa þeir að senda staðgreiðsluskrá með umsókninni. Foreldrar sem falla undir tekjuviðmiðið þurfa að sækja um afsláttinn ár hvert með því að senda inn staðgreiðsluskrá fyrir 1. september inn á þar til gert svæði íbúagáttarinnar.

Gjaldskrá hækkun: Dvalargjöldin hækka um 7,7% en fæðisgjaldið um 4,9%.

Anna Marín Þórarinsdóttir

Stjórnandi fræðslumála og skólapijónustu